

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
b/t Hildar Edwald
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Dalvík 20.02.2019

149. löggjafarþing 2018-2019.

Þingskjal 136 — 136. mál.

Frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda.

Golfklúbbnum Hamri á Dalvík barst til umsagnar frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda.

Til að geta haldið úti góðu og öflugu íþróttastarfi er mjög mikilvægt að hafa góða aðstöðu hver svo sem íþróttagreinin er. Íþróttaiðkun getur verið óumdeild forvörn og hún stuðlar að bættri lýðheilsu. Uppbygging og viðhald á aðstöðu kemur til með að efla alla starfsemi og fjölga iðkendum í íþróttagreinum.

Grunnur að áframhaldandi starfsemi hjá GHD er góð aðstaða og hefur verið unnið mikið í sjálfböðavinnu undanfarin ár til að viðhalda þeirri aðstöðu sem er til staðar. Kröfur á góðri aðstöðu til íþróttaiðkunarinnar eru orðnar meiri í dag en áður var og ljóst að við þurfum að fara í uppbyggingu.

Ljóst er að mikil sjálfböðavinna er unnin í öllum íþróttafélögum, en til að geta farið í stærri framkvæmdir þá þarf aukið fjarmagn og nái frumvarpið í gegn mun það auðvelda uppbyggingu félagsins á næstu árum.

Teljum við í GHD því að það sé mjög til hagsbóta að frumvarpið nái í gegn þar sem það komi til með að létta uppbyggingu íþróttamannvirkja allra íþróttafélaga.

Við í GHD styðjum það því heilshugar að frumvarpið nái í gegn og leggjum fram áskorun til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis að þau samþykki það og það verði að lögum sem fyrst.

Virðingarfyllt
Fyrir hönd stjórnar GHD
Marsibíll Sigurðardóttir
Formaður GHD